

Fundur stjórnar ÆSKP 8. júlí 2021 á Zoom

Mætt: Berglind, Máni, Hákon Darri, Anna Lilja, Aldís Elva og Daníel Ágúst.

Fundur hófst kl. 18.00.

Landsmót 2021 á Sauðárkróki

Fyrsti landsmótsnefndarfundur var haldinn í seinustu viku, og ræddu þau komandi landsmót á þessu ári.

Á þeim fundi var farið yfir stöðuna, hvernig mótið var skipulagt og hvernig hlutirnir eru framkvæmdir. Bolli Pétur verður landsmótsstjóri og er vel tengdur á Norðurlandi.

Einnig var rætt um þemað. Yfirskriftin verður „Láttu ljós þitt skína.“

Rætt var um hópastörfin og hvort að væri hægt að gera meira úr þeim líkt og á Akureyri árið 2010, t.d. með því að þátttakendur væru lengur í hópunum að þjálfra hæfni sína.

Mótið verður 15.-17. október, sem er óvenju snemma. Því fylgja nýjar og öðruvísi áskoranir fyrir æskulýðsfélögin. Þetta getur hins vegar haft það í för með sér að kirkjur byrja fyrr með æskulýðsstörfin á haustönninni.

Nefndin ætlar að búa til 10 samverur fyrir kirkjunnar sem innihalda m.a. hugleiðingar og undirbúningsvinnu. Nefndir vill gera undirbúningsvinnuna eins skothelda og hægt er til að auðvelda fyrir æskulýðsstörfin.

Stungið er upp á því að öll æskulýðsfélögin fá að sýna atriði í atriðakeppninni en ekki aðeins fimm sem valnefnd valdi fyrir mótið líkt og síðustu ár.

Bella er búinn að tala við DJ-ana sem voru fyrir tveimur árum. Þeir eru tilbúnir að koma aftur og vera með smiðju.

Gleðigangan

Gleðigangan verður haldin 7. ágúst. Hákon og Anna sjá um undirbúning fyrir gönguna. Anna er þegar búin að finna bíl fyrir gönguna gjaldfrjálst sem hægt er að skreyta og hengja hátalara á.

ÆSKP er orðinn stöðugur hluti af Gleðigöngunni og í ár ætlum við að geyma stóru stöntin og leggja áherslu á að vera bara með og gangi í gleðinni.

Hugmynd er að fá einhvern til að spila live á gítar og stjórna hópasöng í göngunni sjálfri. Bella ætlar að athuga með gítarleikara.

Stefnt er að því að hittast eitt kvöldið í vikunni fyrir gönguna til að undirbúa og skreyta.

Fundi slitið kl. 18.53.